



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgarráð Reykjavíkur

Alþingi
Erindi nr. P 143/827
komudagur 10.1.2014

Reykjavík 09.01.2014

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 8. janúar 2014 varðandi eftirfarandi mál.

Náttúruvernd


Lagt fram frumvarp til laga um niðurfellingu laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Einnig er lögð fram drög að umsögn umhverfis- og skipulagssviðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífill Ingvarsson, Hildur Sverrisdóttir og Marta Guðjónsdóttir lögðu fram eftirfarandi tillögu " Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir frestun á málinu."

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um frestun málsins felld með sex atkvæðum fulltrúa Besta flokksins Páls Hjaltasonar, Elsu Hrafnhildar Yeoman og Karls Sigurðssonar, fulltrúa Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinssonar og Reynis Sigurbjörnssonar og fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar Græns framboðs Sóleyjar Tómasdóttur gegn þremur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Júlíusar Vífils Ingvarssonar, Hildar Sverrisdóttur og Mörtu Guðjónsdóttur.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs samþykkt með sex atkvæðum fulltrúa Besta flokksins Páls Hjaltasonar, Elsu Hrafnhildar Yeoman og Karls Sigurðssonar, fulltrúa Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinssonar og Reynis Sigurbjörnssonar og fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar Græns framboðs Sóleyjar Tómasdóttur gegn þremur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Júlíusar Vífils Ingvarssonar, Hildar Sverrisdóttur og Mörtu Guðjónsdóttur.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Örn Sigurðsson

Tillaga að umsögn Reykjavíkurborgar um brottfall náttúruverndarlaga.

Nefndasvið Alþingis

Umhverfis- og samgöngunefnd.

Umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd (brottfall laganna) 167. mál.

Reykjavíkurborg vísar til fyrri umsagna um frumvarp það, sem varð að náttúruverndarlögum. Reykjavíkurborg gerir þá athugasemd, að óþarft er að fella lögin í heild sinni úr gildi, heldur beri fremur að endurskoða tiltekin ákvæði þeirra, verði talin þörf á breytingum.